

4. FUNDUR SAMSAMSTARFSNEFNDAR UM SAMEININGU Í A-HÚN

Miðvikudaginn 11. janúar 2020, var fundur haldinn í fjarfundakerfinu ZOOM kl. 17.

Mætt voru:

Frá Húnavatnshreppi: Jón Gíslason, Ragnhildur Haraldsdóttir, Einar Kristján Jónsson og Þóra Sverrisdóttir.

Frá Skagaströnd: Halldór G. Ólafsson, Kristín Björk Leifsdóttir og Alexandra Jóhannesdóttir.

Frá Blönduósbae: Guðmundur Haukur Jakobsson, Birna Ágústsdóttir og Valdimar O. Hermannsson

Frá Skagabyggð: Magnús Björnsson, Karen Helga R. Steinsdóttir og Dagný Rósa Úlfarsdóttir.

Frá RR ráðgjöf: Róbert Ragnarsson, Jón Hrói Finnsson og Freyja Sigurgeirsdóttir.

Jón Gíslason setti fundinn og stýrði dagskrá.

Jón Hrói Finnsson ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Verkefnis- og kostnaðaráætlun

Lagt fram svarbréf Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna umsóknar samstarfsnefndar um framlög vegna viðræðanna dagsett 8. janúar 2021. Umsókn var send 11. nóvember og tekin fyrir á fundi ráðgjafanefndar Jöfnunarsjóðs 18. nóvember og 17. desember 2020. Í svarinu kemur fram að Jöfnunarsjóður hafi samþykkt 17,5 m.kr. af þeim 22,2 m.kr. sem óskað var eftir með vísan til nýrra vinnureglna vegna úthlutunar framlaga vegna kostnaðar sem hlýst af vinnu vegna könnunar á hagkvæmni sameiningar, kynningu á sameiningartillögum og framkvæmd atkvæðagreiðslu samkvæmt a-lið 1. gr. reglna nr. 782/2020 um fjárhagslega aðstoð Jöfnunarsjóðs vegna sameiningar sveitarfélaga. Hinar nýju vinnureglur munu hafa verið samþykktar á fundi ráðgjafanefndar Jöfnunarsjóðs þann 17. desember 2020.

Samstarfsnefnd bendir á að um er að ræða framhald viðræðna sem staðið hafi yfir frá 2017 en ekki nýtt verkefni eins og gefið er í skyn í svari Jöfnunarsjóðs. Ákveðið var að mótmæla niðurstöðu Jöfnunarsjóðs með vísan til þess að viðræður hafi verið hafnar áður en reglum var breytt og fara fram á framlög samkvæmt þeim reglum og viðmiðum sem farið hefur verið eftir á verkefnistímanum, sem og með vísan til jafnræðis á við þau framlög sem öðrum svæðum hafa verið veitt.

Ráðgjöfum falið að gera drög að bréfi vegna afgreiðslu Jöfnunarsjóðs og formanni veitt umboð til að senda það fyrir hönd nefndarinnar.

2. Atvinnumál, byggðapróun og öryggismál

Farið ítarlega yfir fyrirbyggjandi greiningar og rætt um framtíðarsýn til kynningar á íbúafundum. Farið yfir stöðu verkefna sem áður hafa verið rædd á fundum nefndarinnar. Ráðgjöfum falið að uppfæra greiningar samkvæmt umræðum á fundinum.

Rætt var um stöðu bruna- og almannavarna. Ákveðið að kalla slökkviliðsstjóra á starfssvæðinu til fundar til að ræða bruna- og almannavarnir á næsta fundi.

3. Næsti fundur

Ákveðið að næsti fundur verði haldinn sem fjarfundur 25. janúar 2021 kl. 17.

4. Vefsvæði

Rætt um að auka upplýsingagjöf og bæta framsetningu efnis á vefsvæði. Ráðgjöfum falið að gera tillögur að úrbótum.

Fleira ekki gert og fundi slitið klukkan 19:00.